

Borgarráð

Samkomulag við Leikfélag Reykjavíkur um fjárhagsvanda Borgarleikhúss - hugmyndir að aðgerðaáætlun

Lagt er til að borgarráð samþykki eftirfarandi aðgerðaáætlun vegna aukins rekstrarkostnaðar Leikfélags Reykjavíkur í Borgarleikhúsinu.

1. Gerður verði viðauki við gildandi samning milli Reykjavíkurborgar og Leikfélags Reykjavíkur vegna reksturs Borgarleikhúss sem feli í sér að tekin verði upp ársfjórðungsleg endurskoðun á rekstrar-framlögum borgarsjóðs m.v. 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. október hvert ár í stað árlegrar endurskoðunar. Þessi breyting gildi afturvirkkt frá 1. janúar 2016 og út gildistíma núverandi samnings. Áætlaður kostnaðarauki tekur mið af vísitöluspá Hagstofunnar og fyrir tímabilið janúar-júní 2016 er gert ráð fyrir um 4.387 þkr en mismunur á ramma MOF og endurútreiknaðri vísitölu fyrir allt árið 2016 nemur í heild um 15.747 þkr. Fjárhagsrammi Menningar- og ferðamálasviðs verði hækkaður sem þessu nemur og sviðinu falið að gera umræddan viðauka.
2. Lagt er til að félagið fái við afgreiðslu þessarar tillögu í borgarstjórn 23.197 þkr aukaframlag sem verði fjármagnað af ófyrirséðu 09205 á grundvelli flutnings af ónotuðum fjárheimildum Menningar- og ferðamálasviðs á þessum lið frá árinu 2015 en 10 mkr sem koma til lækkunar á fjárfestingaheimildum vegna búnaðar í húsinu. Aukaframlag þetta kemur ekki til hækkunar á grunni rekstrarstyrks Reykjavíkurborgar til félagsins á árinu 2017.
3. Lagt er til að á árinu 2017 fái félagið aftur aukaframlag til rekstrar að fjárhæð 10 mkr sem verði fjármagnað með lækkun á fjárfestingaheimildum skv. fjárfestingaráætlun vegna búnaðar í húsinu. Þessum lið er vísað til fjárhagsáætlunar 2017.

Áætlað er að tillagan auki framlög borgarsjóðs á leikári Leikfélags Reykjavíkur 2015-2016 um 27,6 mkr eða á ársgrundvelli fjárhagsáætlunar Reykjavíkurborgar 2016 um 38,9 mkr. Ofangreindar ráðstafanir hafa óveruleg áhrif á niðurstöðu rekstrarreiknings, efnahags eða sjóðstreymis A-hluta Reykjavíkurborgar vegna lækkunar á fjárfestingarlið. Viðaukann þarf að leggja fyrir borgarstjórn. Ekki er þörf á jafnréttismati vegna þessarar tillögu um breytingu á fjárhagsáætlun ársins.

Viðauki vegna 2016

Kostn.st.		Fjárhæð (þkr.)	
9205	Ófyrirséð (ÖNN)	Frá	-38.944
03101	Menningar- og ferðamálasvið	Til	38.944
Samtals			0
1103	Búnaður Borgarleikhús		-10.000

Greinargerð:

Leikfélag Reykjavíkur hefur leitað til borgarstjóra vegna fjárhagsvanda við rekstur í Borgarleikhúss sem rakinn er fyrst og fremst til kostnaðarsamra kjarasamninga. Launakostnaður vegur um 2/3 af rekstri Leikfélags Reykjavíkur en rekstrarstyrkur Reykjavíkurborgar er verðbættur að hálfu með launavísitölu og að hálfu með vísitölu neysluverðs. Launakostnaður hefur því aukist verulega umfram þróun framlaga.

Borgarstjóri fól sviðsstjóra Menningar- og ferðamálasviðs og fjármálastjóra borgarinnar að rýna fjár-hagsstöðuna og ræða um mögulegar lausnir við fyrirsvarsmenn Leikfélags Reykjavíkur. Niðurstaðan birtist í meðfylgjandi tillögu fulltrúa borgarinnar sem fyrirsvarsmenn Leikfélagsins hafa fallist á eins og fram kemur í gögnum málsins.

Í aðalatriðum er hér lagt til að Reykjavíkurborg og Leikfélag Reykjavíkur geri með sér samkomulag um sameiginlega aðkomu að því að leysa úr þeim fjárhagslegu viðfangsefnum sem komin eru upp í rekstri Borgarleikhússins. Aðkoma Reykjavíkurborgar að málinu er háð því skilyrði að aðilar verði sammála um að fá ytri fagaðila til að gera úttekt á rekstri Borgarleikhússins og komi með tillögum sem miða að því að tryggja rekstrarhæfi leikhússins til lengri tíma lítið. Miðað verði við að þessi úttekt hefjist í júní og henni ljúki fyrir 1. september nk. Í framhaldinu setji félagið sér fjárhagsleg markmið og árangursmælikvarða fyrir rekstur Borgar-leikhúss í samráði við Reykjavíkurborg. Félagið vinni samkvæmt áætlun sem hlýtur samþykki beggja og geri borgarráði grein fyrir framgangi eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti. Leiði uppgjör í ljós að félagið er ekki að ná umsömdum árangri grípur félagið til viðeigandi ráðstafana.

Lagt er til að Reykjavíkurborg stigi strax inn vegna yfirstandandi fjárhags- og leikárs Leikfélagsins sem stendur frá 1. ágúst og lýkur 31. júlí nk. með þeim tillögum sem greint er frá hér að ofan en að Leikfélagið hagræði á sama tímabili um að lágmarki 3 mkr.

Á næsta fjárhagsári Leikfélagsins 2016 -2017 er gert ráð fyrir að ofangreindar tillögur feli í sér aukinn stuðning við starfsemina sem nemi 24,1 mkr, þar af um 14 mkr vegna breytinga á vísitölutengingu rekstrarframlags á tímabilinu auk 10 mkr framlags sem mætt er með samsvarandi lækkun á fjárfestingaliðnum upp á 10 mkr og munu aðilar standa sameiginlega að forgangraða þeim niðurskurði. Leikfélagið sjálft mun endurskoða miðaverð og tekjuáætlun sem á að færa rekstrinum 41,2 mkr og hagræða fyrir a.m.k. 10 mkr að auki. Ef allt gengur eftir er áætlað að eigið fé í lok næsta fjárhagstímabils verði komið í um 54 mkr.

Þessi tillaga felur vissulega í sér tímabundið aukinn kostnað fyrir borgarsjóð en gerir einnig miklar kröfur á Leikfélag Reykjavíkur að tryggja með markvissum aðgerðum rekstrarhæfi Borgarleikhússins til framtíðar.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Minnisblað frá Leikfélagi Reykjavíkur dags. 23. maí 2016

Minnisblað hugmynd að aðgerðaráætlun dags. 20. maí 2016



Borgarleikhúsið

**Reykjavíkurborg
Birgir Björn Sigurjónsson
Svanhildur Konráðsdóttir
Huld Ingimarsdóttir**

Reykjavík 23. maí 2016.


Efni: minnisblað frá SK/HI/BBS dags. 20. maí 2016.

Stjórn Leikfélags Reykjavíkur ses. fjallaði á fundi sínum í dag um tilvitnað minnisblað varðandi þátt Reykjavíkurborgar í aðgerðum til að mæta miklum launahækkunum hjá LR í tengslum við kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Stjórnin vill þakka Reykjavíkurborg fyrir afar góðan skilning og vilja til að koma til móts við LR og þá sérstaklega borgarstjóra fyrir jákvæð viðbrögð og viðræðunefndinni fyrir snörp vinnubrögð og skynsamar tillögur við þröngar aðstæður. Stjórn LR samþykkir aðgerðaáætlunina sem slíka og mun vinna eftir henni sem kostur er. Með vísan til minnisblaðsins vill stjórnin taka eftirfarandi fram:

- Liður 2. Lækkun framlaga til fjárfestinga 10.000.000. Um er að ræða frestun til seinni tíma. Unnið í samráði við Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar.
- Liður 3. Vísitöluuppgjör rekstrarsamnings ársfjórðungslega í stað einu sinni á ári. LR lýsir sérstakri ánægju með þessa tilhögun.
- Liður 5. Hagræðingaraðgerðir LR 3.000.000.- Ljóst er að lítið svigrúm er til sérstakra sparnaðaraðgerða þar sem stutt er eftir af fjárhagsárinu, en málið skoðað gaumgæfilega. Borist hefur kauptilboð frá Frakklandi í leikmynd Billy Elliot. Verði af sölu munu tekjur aukast umfram þessar 3 mkr. Málið skýrist á næstu dögum.
- Liður 6. Lækkun eigin fjár LR um 32,9 mkr. Stjórn LR lítur slíka lækkun eigin fjár mjög alvarlegum augum og mun gera allt hvað hægt er til þess að fyrra félaginu slíku tjóni.
- Liður 7. Stjórn LR mun skoða hækkun miðaverðs næsta leikárs með tilliti til þolmarka án þess að áhrifa gæti í aðsókn. Sérstaklega skoðað með að hækkun á verði barnasýninga verði í lámarki en e.t.v. meiri hækkun á aðsóknarnefndu sýningarnar.
- Liður 9. Sama og liður 2.
- Liður 11. Hagræðingaraðgerðir LR. Stjórnin ákvað á fundi sínum í dag að fækka fyrirhuguðum leiksýningum næsta leikárs um eina. Sú sýning átti að vera á Litla sviðinu og ljóst er að sparnaður af þessari aðgerð er nálægt settu markmiði eða um 10 mkr. Aðgerð þessi hefur óveruleg áhrif á heildar mynd leikársins.

Saga Leikfélags Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar er samofin frá stofnun LR eða í 119 ár. Reykjavíkurborg sem höfuðborg landsins getur verið stolt af mikilvægu menningarhlutverki sínu sem áunnist hefur með rekstri Borgarleikhússins í samstarfi við LR, rekstri sem hvaða höfuðborg í hinum vestræna heimi gæti verið stolt af. Það er einlæg von Leikfélags Reykjavíkur að takast megi að halda áfram á þeirri braut sem skilað hefur glæstum listrænum og menningarlegum árangri, Reykvíkingum og landsmönnum öllum til ánægju og gleði.

Virðingarfyllt,
F.h. Leikfélags Reykjavíkur ses,


Þorsteinn S. Ásmundsson framkv.stj.

Minnisblað

Hugmynd að aðgerðaáætlun

Lagt er til að Reykjavíkurborg og Leikfélag Reykjavíkur geri með sér samkomulag um sameiginlega aðkomu að fjárhagsvanda Borgarleikhúss.

Aðkoma Reykjavíkurborgar að málinu er háð því skilyrði að aðilar verði sammála um að fá ytri fagaðila til að gera rekstrarúttekt á fjárhagsvanda Borgarleikhússins og koma með tillögur um endurskoðun rekstrar með það að markmiði að tryggja rekstrarhæfi leikhússins. Miðað verði við að þessi úttekt hefjist í júní og henni ljúki fyrir 1. september nk.

Í framhaldinu setji félagið sér fjárhagsleg markmið og árangursmælikvarðar fyrir rekstur Borgarleikhúss í samráði við Reykjavíkurborg og félagið vinni eftir samkvæmt því og geri borgarráði grein fyrir framgangi eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti. Leiði uppgjör í ljós að félagið er ekki að ná umsömdum árangri grípur félagið til viðeigandi ráðstafana.

Stjórnendur Borgarleikhússins hafa lýst „bráðavandanum“ sem væntanlegum rekstrarhalla upp á 63,5 mkr við lok yfirstandandi rekstrarárs 31. júlí 2016 en eigið fé félagsins nemur 54,6 mkr. Stefnið þannig í að allt eigið fé verði upp urið við lok rekstrartímabilsins og nokkuð betur. Þá er það mat stjórnenda að rekstrarhalli á næsta rekstrarári talið frá ágúst 2016 til loka júlí 2017 nemi að öllu óbreyttu 42,7 mkr. Verður hér fyrst fjallað um möguleg viðbrögð við *bráðavandanum*.

2015-2016

Lagt er til að gerð verði tillaga til borgarráðs um að leggja félaginu hið fyrsta til sérstök viðbótarframlög að fjárhæð 23,2 mkr. Þá er jafnframt lagt til að vísitölutengingu rekstrarframlaga til félagsins verði breytt og tekin um ársfjórðungsleg endurskoðun, 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. október ár hvert. Áætlað er að þetta hækki framlögin um tæplega **4,4 mkr** fyrir tímabilið janúar - júní 2016. Áætlað er að þetta auki framlög borgarsjóðs vegna janúar - júní 2016 um tæpar **27,6 mkr**. Þá er gert ráð fyrir að fjárfestingarútgjöld borgarsjóðs vegna Borgarleikhúss lækki á þessu ári um 10 mkr. Að lokum er miðað við að félagið sjálft nái a.m.k. **3 mkr** hagræðingu fyrir lok fjárhagsársins. Gangi þetta eftir myndi eigið fé lækka um **32,9 mkr** og nema um **21,8 mkr** í lok fjárhagsársins 2015-2016.

Bráðavandi vegna 2015-2016

-63.463.761

Aðgerðir og áætluð áhrif þeirra

1	Fjárheimildir RVK fluttar milli ára	13.197.262	
2	Lækkað framlag til fjárfestinga	10.000.000	
	Framlög endurskoðuð ársfjórðungslega		
3	frá jan2016	4.387.501	
4	Framlög borgarsjóðs, alls		27.584.763
5	Hagræðingaraðgerðir LR		3.000.000
6	Lækun eigin fjár LR		-32.878.998
	<u>Staða eiginfjár LR 30.6.2016</u>		<u>21.729.002</u>

2016-2017

Lagt er til að félagið hækki miðaverð á komandi leikári 7,5% sem ætti að skila um **41,2 mkr** í auknar tekjur ef miðað er við að sala dragist ekki saman. Þá er einnig gert ráð fyrir að félagið nái fram hagræðingu sem nemi a.m.k. **10 mkr**. Áætlað er að breytt vísitölutenging rekstrarframlaga muni hækka framlög borgarsjóðs um **14 mkr** og þar til viðbótar yrði gerð tillaga um sérstakt aukframlag borgarsjóðs að fjárhæð 10 mkr í byrjun árs 2017 og á móti því yrðu fjárfestingarframlög borgarsjóðs lækkuð um sömu fjárhæð. Heildarframlög borgarsjóðs til rekstrarins myndu þannig aukast um **24 mkr** á fjárhagsárinu. Gangi þetta eftir myndi eigið fé hækka að nýju og nema tæpum **54,2 mkr** í lok fjárhagsársins 2015-2016.

Rekstrarvandi vegna 2016-2017

-42.717.171

Aðgerðir og áætluð áhrif þeirra

7	Hækkun miðaverðs um 7,5%		41.182.500
	Framlög endurskoðuð ársfjórðungslega,		
8	áætlað	14.019.429	
9	Lækkað framlag til fjárfestinga	10.000.000	
10	Framlög borgarsjóðs, alls		24.019.429
11	Hagræðingaraðgerðir LR		10.000.000
	<u>Staða eiginfjár LR 30.6.2017</u>		54.213.760